

**Fundargerð 378. fundar  
framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,  
haldinn 11. desember 2019, kl. 16.00 að Grensásvegi 16.**

**Fundinn sátu:**

Sandra B Franks, formaður  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður  
Jóhanna Traustadóttir, ritari  
Fjarverandi  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

**Fundarritun:**

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

**Dagskrá**

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Kjaraviðræður
  - Staðan
4. Lög um heilbrigðisþjónustu, beiðni um umsögn
5. Notkun á merki Sjúkraliðafélags Íslands
6. Rekstraryfirlit fyrir fyrstu 8 mánuði ársins 2019

**Önnur mál**

**Fundargerð**

**1. Fundur settur**

Sandra B. Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna á þennan jólafund. SBF gerði grein fyrir að Jóna Jóhanna væri fjarverandi vegna veikinda.

**2. Fundargerð síðasta fundar**

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.

**3. Kjaraviðræður**

- SBF gerði grein fyrir umræðunni sem verið hefur á milli BSRB og SNR.
- Fram kom að vinnuhópurinn um styttingu vinnuviku vaktavinnufólks hefur hafið störf að nýju.
- Kjaramálanefnd SLFÍ hefur ekki fundað með neinum viðsemjanda á meðan öll orka hefur farið í styttingu vinnuvikunnar.
- „Aðgerðahópur“ BSRB er á hold, en unnið er með Hugsmiðjunni að mótun auglýsinga um styttingu vinnuvikunnar. Fram kom að stjórn BSRB hefði ákveðið að leggja fram ákveðið fjármagn til þeirrar vinnu.

**4. Frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, beiðni um umsögn**

SBF fór yfir að óskað hafi verið eftir umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, sem hún mun vinna og senda. Í þeim lögum kæmi m.a. inn svokallað fagráð þ.s. sjúkraliðar ættu fulltrúa í með öðrum heilbrigðisstéttum.

**5. Notkun á merki Sjúkraliðafélags Íslands**

Farið var yfir að ósk hafi borist frá sjúkraliðum um að nota merkið félagsins á vinnufatnað. Málið rætt og allir jákvæðir fyrir notkun sjúkraliða á merkinu, en gæta þyrfti að rétt logo væri notað og litir.

**6. Rekstraryfirlit fyrir fyrstu 8 mánuði ársins 2019**

SBF gerði grein fyrir að í framhaldi af umræðunni á síðasta fundi framkvæmdastjórnar um nauðsyn þess að fá einu sinni á ári yfirlit yfir stöðu helstu sjóða félagsins hafi verið rætt við endurskoðanda félagsins um slíka samantekt. Samantektin liggur fyrir og farið var yfir hana og er allur rekstur í jafnvægi og í takti við áætlanir.

**Önnur mál**

- Stuðningur til félagasamtaka fyrir jólin. Ákveðið að styðja Menntunarsjóð Mæðrastyrksnefndar um sambærilega fjárhæð og styrkt var fyrir á síðasta ári.
- GÖG fór yfir prentun og dreifingu á Vaktabók og blaði félagsins í desember. Reykjavíkurdeildin hefur klárað plöstun bókarinnar.

Fundi slitið kl. 17.40